

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 13/2009, um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúræði.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 2. mgr. 1. gr. telst nám sem er lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, hvort sem um er að ræða dag- eða kvöldskóla eða fjarnám, og nám á námsbrautum sem leiða til stúdentsprófs hjá framhaldsskólum sem námsúræði skv. d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir enda hafi Vinnumálastofnun viðurkennt námið sem lið í vinnumarkaðsúræðinu *Nám er vinnandi vegur.*

Ákvæði þetta gildir til 31. desember 2011.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 16. ágúst 2011.*

**Guðbjartur Hannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*